

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) miðvikudaginn 4. nóvember 2020 á fjarfundi kl. 16:00.

Fundinn sátu Gunnar Helgason, Eva Hjörtína Ólafsdóttir og Harpa Júlía Sævarsdóttir af hálfu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir, sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Mat á menntun hjúkrunarfræðinga

Nám hjúkrunarfræðinga er 240 ECTS eininga nám sem lýkur með BSc gráðu. Í kjarasamningi 2015 – 2019 var 4. árið, 60 ECTS einingar sem er umfram 180 ECTS eininga nám, metið til 4% persónuálags samkvæmt grein 10.2.3. Þessi grein var í gildi til 31. maí 2018 eða þar til sérákvæði 1 um starfsmat tók gildi samkvæmt sama samningi.

Frá 1. júní 2018 er ekki gert ráð fyrir því að 4. árið sé metið sérstaklega, sbr. grein 10.2.3 enda er það hluti af BSc gráðu sem er sú grunnkrafa starfs sem tekið er mið af í starfsmati fyrir hjúkrunarfræðinga:

Persónuálag vegna viðbótarmenntunar

Fyrir hverjar 30 ECTS einingar í háskólanámi, umfram grunnám þ.e. 3 til 4 ár s.s. BA, BSc, B.ed, sem ekki eru metnar í starfsmati, fær starfsmaður 2% persónuálag enda sé námið hluti af formlegri prófgráðu s.s. diplóma- eða mastersgráða. Forsenda fyrir veitingu persónuálags skv. þessari grein er að starfsmaður hafi lokið formlegri prófgráðu og að námið nýtist í starfi.

Meginreglan við mat á námi er sú að einingar eru aldrei tvítaldar.

Hækkun samkvæmt grein þessari tekur gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið. Hámark persónuálags samkvæmt greininni er 24%, nema þegar starfsmaður hefur lokið doktorsprófi en þá er hámarkið 30%.

Fulltrúar Fíh óska eftir því að túlkun greinar 10.2.3 sem gildi til 31. maí 2018 verði óbreytt frá 1. júní 2018, þ.e. að áfram verði greitt 4% persónuálag fyrir 60 ECTS einingar sem eru umfram 180 ECTS eininga nám.

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað

2. Launaröðun hjúkrunarfræðinema 1

Samstarfsnefnd samþykkir að launaröðun hjúkrunarfræðinema 1 verði 81% af launaflokki 159 í stað 79% af launaflokki 159.

Starfsheiti og röðun frá 1. júní 2018	Starfsmatsstig	Launaflokkur
Hjúkrunarfræðinemi 1 (81% af lfl.)	Á ekki við*1	159

Afgreiðslu frestað

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00